

**Nd.**

**303. Tillaga**

til þingsályktunar um bætur vegna skemda og tjóns af Kötlugosinu.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni, vegna skemda þeirra og tjóns, sem Kötlugosið 1918 hefir valdið:

1. Að veita öllum leiguliðum á opinberum jörðum (þjóðeignum og kirkjujörðum) í Vestur-Skaftafellssýslu eftirgjöf á jarðareftirgjaldi fyrir fardagaárið 1918—19.
2. Að verja úr ríkissjóði nauðsynlegri fjárhæð til þess að ljetta undir með búendum á öskusvæðinu í öflun fóðurbætis fyrir næsta vetur, eftir samráði við sýslumann Skaftafellssýslu og forseta Búnaðarfélags Íslands.